

# Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 13:00 miðvikudaginn 11. október 2023, Teams fundur

Mættir stjórnarmenn: Viggó Jónsson formaður, Hilda Jana Gísladóttir, Jóhanna Ey Harðardóttir, Sara Sigmundsdóttir, Ármann Örn Gunnlaugsson, Tómas Árdal varamaður og Þorbjörg Jóhannsdóttir varamaður. Örn Arnarson mætti á fund kl. 13:23. Sigrún Hulda Sigmundsdóttir boðaði forföll. Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri og Hjalti Páll Þórarinsson verkefnastjóri.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Formaður fól framkvæmdastjóra að ganga til dagskrár.

Dagskrá:

## 1. Staða Flugklasans Air 66N (Sjá minnisblað neðst í fundargerð)

Framkvæmdastjóri greindi frá því að mörg af fjölmennustu sveitarfélögunum á Norðurlandi, þ.m.t. Akureyrarbær, hafa hafnað beiðni um áframhaldandi fjárstuðning við Flugklasann Air 66N. Að óbreyttu þýðir það að starf Flugklasans mun leggjast af, og þar með markaðssetning fyrir beint millilandaflug til Akureyrar.

Flestir stjórnarmenn lýstu yfir miklum vonbrigðum með þessa ákvörðun sveitarstjórna, sem í öllum tilfellum var tekin án nokkurs samtals við MN. Verið sé að grafa undan góðu og nauðsynlegu starfi MN með því að hætta stuðningi við mikilvægasta verkefnið fyrir ferðaþjónustu á Norðurlandi.

*Meirihluti stjórnar samþykkir að fela framkvæmdastjóra að óska eftir samtali við sveitarfélög, landshlutasamtök sveitarfélaga, ráðuneyti ferðamála, Isavia, Íslandsstofu, Austurbrú og aðra hlutaðeigandi aðila, til þess að ræða fjármögnun og stefnu fyrir markaðssetningu á beinu millilandaflugi. Það starf þurfi að fjármagna og verði ekki unnið fyrir minni fjármuni en hingað til.*

Hilda Jana lagði fram sérstaka bókun:

„Þar sem ég tel mig ekki hafa umboð frá SSNE til að taka afstöðu til fjármögnunar Flugklasans mun ég sitja hjá við afgreiðslu málsins. Fyrir hönd samtakanna bendi ég þó á að það er sameiginleg áhersla SSNE að koma á á reglubundnu millilandaflugi til Norðurlands eystra líkt og fram kemur í samþykkttri Sónarátætlun Norðurlands eystra.“

## 2. Uppskeruháttíð ferðaþjónustunnar

Umræður um viðurkenningar á Uppskeruháttíð ferðaþjónustunnar, sem að þessu sinni verður haldin í Húnabyggð 26. október n.k.

### 3. Aðgerðaáætlun fyrir ferðamálastefnu til 2030

Framkvæmdastjóri greindi frá stöðu verkefnisins, en hún hefur stýrt hópnum sem fjallaði um uppbyggingu áfangastaða. Á næstu vikum verða tillögur hinna sjö mismunandi vinnuhópa sendar í samráðsgátt, þar sem öll eru hvött til að gefa álit og athugasemdir.

### 4. Önnur mál

Umræður um stöðu stjórnarmanna vegna skráningar MN hjá Fyrirtækjaskrá.

Hilda Jana tók til máls og lýsti yfir áhyggjum af því að missa starfsfólk ef fjármögnun Flugklasans bregst. Viggó og Örn tóku undir orð Hildu Jönu.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14:50.

Fundarritari HPP.

# Minnisblað 10.10.2023- Áhrif af lokun Flugklasans Air 66N

## Fjármögnun

- Akureyrarbær hefur greitt verkefninu 9 mkr á ári
- Önnur sveitarfélög hafa lagt til um 5 mkr á ári
- MVF hefur stutt Flugklasann um 20 mkr á ári
- Flugþróunarsjóður hefur lagt til 15 mkr á ári í samstarfsverkefni Flugklasa, flugverkefnis Austurbrúar, Isavia og Íslandsstofu
- Aðrir styrkir hafa fengist til verkefna Flugklasans m.a. úr Uppbyggingarsjóði, Sóknaráætlun og Byggðaáætlun
- Samtals hafa því komið um 35 mkr á ári frá stjórnvöldum til markaðssetningar á beinu flugi um Akureyrarflugvöll sem móttframlag við þær 14 mkr sem sveitarfélögin á svæðinu hafa lagt fram

## Bein áhrif frá 1. jan 2024

- Stöðugildi starfsmanns Flugklasa verður lagt niður frá áramótum
- Lögð verður niður staða fulltrúa Flugklasa í vinnuhóp Flugþróunarsjóðs
- Lögð verður niður staða fulltrúa Flugklasa í Stjórn Flugþróunarsjóðs
- Samstarfi við Austurbrú um vinnu að beinu flugi á Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöll verður hætt
- Samstarf Flugklasa við flugverkefni Austurbrúar, Isavia og Íslandsstofu verður hætt
- Fjármagn til móttöku FAM ferða skorið niður
  - Móttöku blaðamanna til kynningar á beinu flugi verður hætt
  - Móttöku ferðaskrifstofa til kynningar á beinu flugi verður hætt
- Fjármagn til þátttöku í sýningum og vinnustofum verður skorið niður. Ekki verður hægt að vinna áfram að tengslum og markaðssetningu á áherslumörkuðum.
- Framleiðsla á markaðsefni verður skorin niður
- Tengsl Flugklasa og samstarf við easyJet um flug til London verður hætt, það sama á við um stuðning Flugklasa við Voigt Travel, Edelweiss og Kontiki sem standa fyrir flugi frá Rotterdam, Amsterdam og Zurich
- Samstarfsverkefnum í markaðssókn með þessum aðilum verður hætt
- Markaðssókn á sýningar og vinnustofur til kynningar á beinu flugi verður hætt

## Markaðsstofan

- Erlend markaðssetning á beinu flugi til Norðurlands um Akureyrarflugvöll verður ekki unnin án fjármagns
- Fjármagn til rekstrar Markaðsstofunnar er bundið í samninga, þjónustusamninga við sveitarfélög um skilgreind verkefni, samstarfssamninga við ferðaþjónustufyrirtæki, verkefnasamninga um sérverkefni og samninga um rekstur áfangastaðastofa með skilgreind verkefni
- Markaðsstofan nær nú þegar ekki að koma fyrir öllum verkefnum sem tengjast ferðaþjónustunni eða bæta inn nýjum s.s. varðandi komur skemmtiferðaskipa
- Því verður ekki hjá því komist að skera niður verkefni Flugklasa og hætta þar með markaðssetningu á beinu flugi um Akureyrarflugvöll
- Kynningu á stuðningi til flugfélaga í gegnum Flugþróunarsjóð verður hætt

## Annað

- Flugklasinn hefur unnið með flugfélögum og ferðaskrifstofum að því að ná niður fjölmörgum hindrunum fyrir því að hægt sé að fljúga beint. Mikilvægt er að þessir aðilar hafi áfram samstarfsaðila á svæðinu ef tryggja á áframhaldandi beint flug.
- Beint flug um Akureyrarflugvöll hefur þegar skilað margföldum tekjum til móts við framlög sveitarfélaganna
- Ferðapjónustan hefur tekið virkan þátt í Flugklasnum frá stofnun hans 2011. Flugið sem nú er komið um Akureyrarflugvöll þar sem áherslan er á vetrarferðapjónustu er bein afleiðing þessarar vinnu og skilar verulegum tekjum inn á svæðið auk þess að byggja undir lengingu ferðamannatímans og dreifingu ferðamanna.
- Einhver þarf að taka við boltanum ef ekki á að skapa hættu á að það flug sem komið er hverfi aftur. Áhrifin af því eru veruleg fyrir ferðapjónustuna, aðrar atvinnugreinar og ekki síst lífsgæði íbúanna.
- Ljóst er að vetrarferðapjónusta mun ávallt eiga undir högg að sækja á svæðinu nema ef kemur til beint flug þar sem samgönguleiðir eru ótryggar og að mati margra ferðaskrifstofa óöruggar yfir vetrartímann.
- Án sterkar vetrarferðapjónustu mun árstíðasveiflan halda áfram að valda því að fjárfestar sækja síður á svæðið til uppbyggingar hótela, afþreyingarverkefna, veitingastaða eða annarra verkefna.
- Nýtt flug easyJet kallar á stórauðna markaðssetningu á svæðinu ef tryggja á flugið til lengri tíma.
- Hagsmunabaráttu fyrir uppbyggingu á Akureyrarflugvelli verður hætt
  - Ráðstefnur um flugmál og uppbyggingu flugvallarins
  - Stofnun, rekstur og kynning Flugþróunarsjóðs
  - ILS fyrir aðflug úr norðri
  - Stærri flugstöð og flughlað
  - GPS aðflug úr suðri
- Það flug sem nú er komið er ekki tryggt til lengri tíma og verulega misráðið að hætta stuðningi við flugklasann á þessum tímapunkti. Vinna sem þessi er langtímaverkefni og mun hafa neikvæð áhrif á svæðið ef henni er hætt, hægja á uppbyggingu og draga úr samkeppnishæfni.

**Svör sveitarfélaga við ósk um stuðning við Flugklasann:**

Dalvíkurbyggð	Stuðningur samþykktur til ársloka 2025
Eyjafjarðarsveit	Stuðningur samþykktur til ársloka 2025
Svalbarðsstrandarhreppur	Stuðningur samþykktur til ársloka 2025
Skagafjörður	Hafnað
Fjallabyggð	Hafnað
Akureyrarbær	Hafnað
Norðurþing	Hafnað
Tjörneshreppur	Hafnað
Þingeyjarsveit	Ekki komið svar
Húnaþing vestra	Ekki komið svar
Húnabyggð	Ekki komið svar
Skagatrönd	Ekki komið svar
Skagabyggð	Ekki komið svar
Hörgársveit	Ekki komið svar
Grýtubakkahreppur	Ekki komið svar
Langanesbyggð	Ekki komið svar